

Reglur

Starfsmenntunarsjóður Sameykis samkvæmt 20, gr. laga Sameykis:

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður Sameykis. Sjóðurinn er í eigu Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Aðild að sjóðnum. (tillaga til breyting)

Sjóðfélagar eru allir félagar í Sameyki, enda hefur verið staðið skil á iðgjaldi til sjóðsins.

3. gr. Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að sjóðsfélagar geti sótt starfsnám og símenntun án verulegs kostnaðar. Að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna.

Styrkveitingar skal eingöngu veita til náms sem beinlínis taka til þess að starfsmaður sé að tileinka sér framfarir og tæknibreytingar í starfi sínu.

Ef störf eru lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga eiga félagsmenn kost á endurmenntun, sem gefur þeim möguleika til að taka að sér önnur störf.

4. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- A. Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- B. Vaxtatekjur.

5. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Þeir, sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn. Greiðsla úr sjóðnum getur ekki átt sér stað nema að reglum um úthlutun sé fullnægt.

6. gr. Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn Sameykis. Formaður skal kjörinn af sjóðsstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir afgreiðslur úr sjóðnum svo og annað sem varðar störf hennar. Stjórn sjóðsins setur sér reglur um úthlutun styrkja í samræmi við tilgang sjóðsins og afgreiðslu mála. Reglur þessar skulu hljóta samþykki stjórnar Sameykis.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár).

7. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun.

Skrifstofa Sameykis sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

8. gr. Ársreikningur og endurskoðun.

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum Sameykis og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar Sameykis.

9. gr. Breytingar á reglum sjóðsins.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Sameykis og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi Sameykis 2020.